



## Fundargerð

**462. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, 12. maí 2021, kl. 15:00.**

### Fundinn sátu:

Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason, Katrín Gunnarsdóttir. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Björk Jónsdóttir 1. Varamaður Z-lista.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 7 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á Youtube.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi; 16. maí samráðsfundur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og sveitarfélögum á Suðurlandi um stöðu fjarskipta

16. maí Stjórnarfundur Bergrisans bs

19. maí upplýsingafundur félagsmálaráðuneytisins um verkefnið Hefjum störf.

23. apríl fundur stjórnar Bergrisans með byggingarnefnd um nýjan íbúðakjarna á Selfossi

26. apríl vinnufundur sveitarstjórnar vegna innleiðingar á jafnlaunastjórnunarkerfi

27. apríl fundur með formönnum starfshópa fyrir sv. Suðurland

27. apríl Svæðisskipulag fyrir Suðurhálandið

29. apríl samráðsfundur vegna opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar

30. apríl fundur í starfshópi um stjórnarsýslu og fjármál

3. maí heimsókn frá starfsmönnum Orkídeu

5. maí fundur með sveitarstjórum Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og forstöðumanni Kötluseturs vegna rannsóknar meðal erlendra íbúa og vinnu við gerð móttökuáætlunar

5. maí fundur í starfshópi sv. Suðurlands um stjórnarsýslu og fjármál

6. maí fundur í vinnuhópi um endurskoðun aðalskipulags

7. maí Málþing á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um sameiningu sveitarfélaga

7. maí Sameiningarnefndarfundur

### Fundargerðir til samþykktar

1. 2105001F - Skipulagsnefnd - 166

1.1 2105006 - Rekstrarleyfi í frístundabyggð

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166

JHK, RþG, JBJ og BKG taka undir tillögu vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags hvað varðar heimildir til útgáfu rekstrarleyfa í frístundabyggðum í sveitarfélaginu. BVG tekur ekki afstöðu vegna mögulegrar aðkomu á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.

Tillagan er eftirfarandi:

"Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með gistingu í flokki I. Gisting í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og

*Handwritten signatures and initials:*  
leólf  
ASH  
2021  
1299 BVG



skemmtanahald er heimil hafi starfsemin tilskilin leyfi og allir lóðarhafar innan fristundasvæðis samþykki gistingu í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016 nema samþykktir félags sumarhúsaeigenda innan svæðisins kveði á um annað. Slík starfsemi skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016, m.s.br. “

**EBH, JBJ, AH og KG staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. BVG situr hjá vegna mögulegrar aðkomu á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.**

- 1.2 2105005 - Núpsstaður - 550 umsókn um skráningu nýrrar landeignar - Vegsvæði

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166**

Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulagsnefnd bendir þó á að aðkoma að Núpstaðarskógum er austan brúar.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.3 2105007 - Vatnsveitan - Vatnsból

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166**

Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.4 2105008 - Orustustaðir - 550 umsókn um skráningu nýrrar landeignar

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166**

Skipulagsnefnd bendir umsækjanda á að aðkomuvegur að lóðinni er ekki sýndur á uppdrætti og afgreiðslu málsins því frestað.

**Upplýsingar frá umsækjendum hafa nú borist þar sem aðkomuvegur er sýndur á uppdrætti. EBH, BG, AH og KG samþykkja stofnun lóðarinnar. JBJ situr hjá við afgreiðsluna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

- 1.5 1812001 - Grímsstaðir - Umsögn um umhverfismat

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166**

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 19. apríl 2021 er óskað eftir umsögn Skaftárhrepps um tillögu að matsáætlun fyrir Vindorkugarð á Grímsstöðum í Meðallandi en samkvæmt 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. lið 3.02 eru orkuver með 10 MW uppsett rafafi eða meira ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér um að reisa vindorkugarð á Grímsstöðum í Meðallandi í Skaftárhreppi, með heildarafli í kringum 135 MW.

Skaftárhreppur bendir á eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun að ekki liggja fyrir stefnumörkun í aðalskipulagi um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið vinnur nú að endurskoðun aðalskipulags þar sem stefna sveitarfélagsins um vindorku verður mótuð, stefnt er að endurskoða aðalskipulag verði staðfest fyrir mitt ár 2022.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- 1.6 1710004 - Virkjun í Hverfisfljóti

AM  
JBJ  
KG  
BVG

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 166**

JHK, BVG og RÞG leggja til að aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagstillagan verði auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Samhliða verði athugasemdir Skipulagsstofnunar auglýstar, sjá bréf stofnunarinnar frá 28. apríl 2021.

JBJ óskar eftirfarandi bókunar: Z-listinn tekur undir niðurstöður Skipulagsstofnunar þar sem segir að um sé að ræða framkvæmd sem mun hafa í för með sér varanleg og óafturkræf umhverfisáhrif sbr. niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar. Bent er á að ekki hefur verið sýnt fram á að framkvæmdin sé sú leið sem fara þurfi til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns í sveitarfélaginu. Eðlilegt er að sveitarstjórn vísi ákvörðun um virkjun í Hverfisfljóti til endurskoðunar aðalskipulags og þar verði allar leiðir til úrbóta á afhendingaröryggi raforku skoðaðar. BKG tekur undir bókun JBJ.

**EBH, BG og KG staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. JBJ og AH hafna tillögunni og taka undir bókun JBJ.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2010008 - Fundargerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið, dags. 30.04.2021  
*Skipulagsstofnun telur að sveitarfélögin Árborg og Flóahreppur eigi ekki að eiga formlega aðkomu að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið þar sem þau fara ekki með skipulagsvald á svæðinu. Starfshópur um svæðisskipulag hefur því sent sveitarfélögunum drög að starfsreglum fyrir gerð svæðisskipulagsins sem taka mið af ábendingum Skipulagsstofnunar.*

**EBH, BG, KG og AH samþykkja fyrirliggjandi starfsreglur fyrir sitt leyti. JBJ situr hjá við afgreiðsluna.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

3. 2105009 - Aðalfundur 2021. Landskerfi bókasafna, dags. 04.05.2021  
*Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. miðvikudaginn 19. maí kl. 14:30.*  
**Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að vera fulltrúi Skaftárhrepps á aðalfundinum.**
4. 2105011 - Aðalfundur 2021. Háskólafélag Suðurlands, dags. 05.05.2021  
*Háskólafélag Suðurlands boðar til aðalfundar í fjarfundu miðvikudaginn 19. maí nk. kl. 13:00*  
**Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að vera fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum.**
5. 2105014 - Landgræðsluáætlun 2021-2031 - beiðni um umsögn. Landgræðslan, dags. 06.05.2021  
*Landgræðslan, fyrir hönd verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar, óskar eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar. Umsagnarfrestur er til 14. júní 2021.*

**Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í umhverfis- og náttúruverndarnefnd og fjallskilaneftum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn**

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'BVG' and 'RÞG'.*



óskar eftir að nefndirnar skili umsögnum til sveitarstjórnar fyrir 8. júní nk.

6. 2105012 - Bonn áskorunin - endurheimt skógarlandslags. Skógræktin og Landgræðslan, dags 28.04.2021
- Landgræðslan og Skógræktin óska eftir afstöðu sveitarfélagsins til þátttöku í Bonn áskoruninni. Bonn áskorunin er alþjóðlegt átak um endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum og er skipulagt af Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN) í samstarfi við fleiri aðila. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan Bonn áskorunarinnar að auka verulega þekju birkiskóga en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins. Markmiðið byggist á því að skilgreina ákveðið flatarmál lands, þar sem stefnt er að því að endurheimta birkiskóga samhliða fjölbreyttri landnýtingu s.s. akuryrkju, ferðaþjónustu, nýttjaskógrækt, loftslagsverkefnum af ýmsum toga sem og búfjárrækt. Verkefnið veitir landeigendum innan skilgreinds Bonn svæðis aukin tækifæri til þátttöku í endurheimt skóga, sér í lagi á svæðum þar sem gróður- og jarðvegseyðing hefur átt sér stað.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að tilgreina svæðið meðfram árfarvegi Skaftár í landi Ár. Á því svæði er nú þegar til staðar náttúruskógur en jafnframt er þar mikil gróðureyðing. Einnig leggur sveitarstjórn til að nærliggjandi jarðir við árfarveg Skaftár taki þátt í verkefninu. Starfshópnum sem nú vinnur í samstarfi við Landgræðsluna og Skógræktina (MOR) falið að leggja til stærð þess svæðis sem stefnt er að aukningu þekju birkiskóga í sveitarfélaginu.**

7. 2105013 - Hálendisþjóðgarður - beiðni um fund. Kolbeinn Óttarsson Proppé, dags. 10.05.2021
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur nú til meðferðar frumvarp um stofnun hálendisþjóðgarðs sbr. 369. mál á 151. löggjafarþingi. Bréfitari, sem jafnframt er framsögumaður umhverfis- og samgöngunefndar, óskar eftir fundi með fulltrúum Skaftárhrepps til að ræða mögulega afmörkun hálendisþjóðgarðs.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að boða til fundar í samvinnu við bréfitara.**

8. 2105010 - Fráveita á Kirkjubæjarklaustri. Gunnar Valdimarsson, dags. 28.03.2021
- Fyrir fundinum liggur erindi frá Gunnari Valdimarssyni Skaftárvöllum 12 vegna tjóns sem varð 2019 vegna tregðu í fráveitulögnum.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og harmar það tjón sem bréfitari hefur orðið fyrir. Sveitarstjóra falið í samstarfið við skipulags- og byggingarfulltrúa að leita eftir lögfræðiáliti vegna málsins og funda með bréfitara í framhaldinu.**

9. 2105015 - Merkingar helsingja - beiðni um stuðning. Arnór Þórir Sigfússon, dags. 10.05.2021
- Arnór Þórir Sigfússon dýravistfræðingur Ph.D óskar eftir stuðningi að upphæð 275.000,- til kaupa á GPS/GSM sendi til að merkja helsingja.*

**EBH, KG, AH og JBJ þakkar erindið og samþykkir að styrkja verkefnið. BG hafnar beiðninni. Tekið af lið 2140-9191.**

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "EBH", "KG", "AH", "JBJ", and "BG".



*Fyrir fundinum liggur deiliskipulagstillaga fyrir Klausturveg 4 og nærumhverfi. Tillagan sýnir byggingarreiti leikskólalóðar, viðbyggingar grunnskóla ásamt Errósetri.*

**EBH, JBJ og AH samþykkja að deiliskipulagstillagan verði kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum. Skipulagsfulltrúa falið að finna hentuga dagsetningu í byrjun júní. KG og BG sitja hjá.**

#### **Fundargerðir til kynningar**

13. 1801013 -

*132. fundur rekstrarnefndar, dags. 28.04.2021*

*211. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 23.04.2021*

*87. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 15.04.2021*

*897. fundur stjórnar Sambands íslands sveitarfélaga, dags. 30.04.2021*

*96. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 28.04.2021*

*12. fundur vinnuhóps vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps, dags. 06.05.2021*

#### **Fundargerðir kynntar**

#### **Annað kynningarefni**

14. 1801013 -

*Fjármál sveitarfélaga. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 13.04.2021*

*Stöðuskýrsla nr. 13 um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19.*

*Félagsmálaráðuneytið, dags. 23.04.2021*

*Stöðuskýrsla nr. 14 um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19.*

*Félagsmálaráðuneytið, dags. 06.05.2021*

#### **Kynnt**

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður 10. júní nk.

Fundi slitið kl. 16:53.



10. 2103003 - Ársreikningar Skaftárhrepps og Hjúkrunar- og dvalarheimilis Klausturhóla vegna 2020 - síðari umræða

Ársreikningur 2020 var til fyrri umræðu þann 15. apríl sl. undirritaður af sveitarstjóra. Í A og B hluta rekstrarreiknings voru heildartekjur 678,9 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 399,6 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 158 millj.kr og aðrar tekjur 121 millj.kr. Rekstrargjöld voru 631 millj.kr og afskriftir 22 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 12,2 millj.kr og rekstrarniðurstaða samstæðu jákvæð um 13,4 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 803,7 millj.kr þar af handbært fé 65,3 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 536 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 267 millj.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 41,5 millj.kr og afborganir langtímalána 42,5 millj.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var 42,5 millj. kr. sem var fjármagnað að hluta með lántöku. Tvö eldri lán voru endurfjármögnuð og tekið var nýtt langtímalán að upphæð 36 millj.kr.

Ársreikningur Skaftárljós liggur einnig fyrir fundinum. Skaftárljós er B-hluta fyrirtæki hjá Skaftárhreppi með sér kennitölu og því gert upp sérstaklega. Engin rekstur var í félaginu árið 2020 en tilgangur Skaftárljós er að eiga og reka ljósleiðarakerfi í Skaftárhreppi. Eignir félagsins nema 25,1 millj.kr og þar af er handbært fé 8,9 millj.

Rekstrarniðurstaða Hjúkrunar- og dvalarheimilisins var neikvæð um 7,7 millj.kr. Tekjur heimilisins voru 243,7 millj.kr og rekstrargjöld samtals 251,6. Áfallið orlof hækkar verulega á milli ára vegna uppsafnaðs frítökuréttis hjá starfsmönnum heimilisins sem nær allt aftur til 2017 og hefur ekki verið færður til bókar áður. Fjármunatekjur voru 142 þús.kr. Eignir heimilisins námu 62 millj.r þar af var handbært fé 49,4 millj.kr.

**Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins og hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Sveitarstjórn hvetur stjórnendur allra stofnanna til að gæta ítrasta aðhalds í öllum rekstri þar sem ljóst er að áhrifa Covid 19 mun gæta áfram. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninga ársins 2020 fyrir Skaftárhrepp, Skaftárljós og Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla og staðfestir þá með undirritun sinni.**

11. 1912002 - Jafnlaunastefna og tilnefning í ritstjórn og rýnihóp

Sveitarstjórn fékk á síðasta fundi kynningu á undirbúningi vegna jafnlaunavottunarinnar sem framundan er hjá Skaftárhreppi. Til að vinna málið áfram þarf sveitarstjórn að tilgreina aðila í ritstjórn og rýnihóp annars vegar sem leiðir þróun jafnlaunastjórnunarkerfisins og setur jafnlaunamarkmið fyrir hvert ár. Einnig skal skipa þrjá starfsmenn í jafnlaunahóp sem er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi jafnlaunastjórnunarkerfisins í samræmi við staðalinn ÍST85.

**Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Karl Antonsson skrifstofustjóra, Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og Evu Björk Harðardóttur oddvita í ritstjórn. Í rýnihópi verða sveitarstjórn, sveitarstjóri og skrifstofustjóri. Í jafnlaunahópi eru skipaðir skrifstofustjóri, sveitarstjóri og oddviti.**

12. 2010007 - Klausturvegur 4 - dsk skólalóðar

*Handwritten signatures and initials in blue ink:*  
Karl  
Eva  
ASJ  
kg  
BVG



Eva Björk Harðardóttir  
Eva Björk Harðardóttir

Árdís Jónhanna Harðardóttir  
Árdís Jónhanna Harðardóttir

Bjarki V. Guðnason  
Bjarki Guðnason

Katrín Gunnarsdóttir  
Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir  
Jóna Björk Jónsdóttir

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

